

4. gr.

86

Sjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum: ráðherra þeim, er heilbrigðismalin 30. des. heyra undir, forstöðumanni Landsspítalans og biskupi.

Er forstöðumaður Landsspítalans reikningshaldari sjóðsins, og ber að senda umsóknir um styrk til hans fyrir 1. janúar ár hvert, en styrknum skal úthlutað fyrir 1. apríl.

Þar til Landsspítalinn tekur til starfa, tekur landlæknir sæti í stjórn sjóðsins og hefir reikningshald hans á hendi

Ársreikning sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindunum.

Ritað á Amalúborg, 30. nóvember 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Þetta birtist hjermeð almenningi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.

Auglýsing

87

30. des.

um

staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrínu drottningar til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík.

30. nóvember þ. á. hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknast að útgefa eftirfylgjandi staðfestingarskrá:

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að ráðuneyti Vort allraþegnsamlegast hefir lagt fyrir Oss til staðfestingar skipulagsskrá, sem það hefir samið

87
30. des.

samkvæmt allrahæstri fyrirskipun Vorri, fyrir styrktarsjóð, er Vjer höfum gefið í minningu dvalar Vorrar og drottningarinnar í Reykjavík sumarið 1921, þá viljum Vjer hjermeð staðfesta eins og Vjer hjermeð staðfestum skipulagsskrána í öllum orðum hennar og greinum, eins og hún hjer stendur:

1. gr.

Styrktarsjóðurinn er stofnaður af Hans hátign Christiani konungi Tíunda og Hennar hátign Alexandrínu drottningu, til minningar um dvöl þeirra í Reykjavík sumarið 1921.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar sjómannaekkjur í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 5000 krónur, sem ekki má skerða. Sjóðinn skal ávaxta eftir sömu reglum og fje ófjárráðra.

3. gr.

Sjö áttundu hlutum af ársvöxtum sjóðsins skal varið til styrktar fátækum ekkjum eftir sjómenn, er voru heimilisfastir í Reykjavík á dánardægri, en einn áttundi hluti þeirra legst árlega við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum: atvinnumálaráðherra, borgarstjóra Reykjavíkur og þeim af prestunum við dómkirkjuna, sem eldri er eða elstur að embættisaldri.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi reikningshald sjóðsins, og ber að senda umsóknir um styrk þangað fyrir 1. janúar ár hvert, en styrknum skal úthlutað fyrir 15. febrúar. Ársreikning sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindunum.

Ritað á Amalíuborg, 30. nóvember 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Þetta birtist hjermeð almenningi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.